



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 12. ágúst 2019

USK2018020008

8.9

Borgarráð

Æfingasvæði Víkings - Endurnýjun - Útboð nr. 14125.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi við Gröfu og grjót ehf. um greiðslu vegna riftunar Reykjavíkurborgar á verksamningi vegna útboðs nr. 14125, samtals að fjárhæð kr. 12.868.533,-.

Greinargerð:

Drög að samkomulagi eru til komin vegna riftunar Reykjavíkurborgar á verksamningi vegna endurnýjunar á grasæfingasvæði Víkings í Fossvogi og eru í samræmi við ákvæði ÍST 30:2012.

Hinn 26. apríl 2018 var samþykkt í borgarráði samkomulag um uppbyggingu á aðalvelli Knattspyrnufélagsins Víkings sem fólst í lagningu gervigrass ásamt snjóbræðslukerfi, vökvunarkerfi og flóðlýsingu. Samkvæmt þessu samkomulagi var einnig hætt við fyrri áform um endurgerð grasæfingasvæðis.

Greiðslur til verktaka sundurliðast þannig að Reykjavíkurborg kaupir af verktaka vökvunarkerfi að fjárhæð kr. 4.457.303,- með vöxtum.

Bætur vegna riftunar verksamnings eru kr. 7.716.644,- með vöxtum.

Kostnaður við matsmann og lögmannskostnaður er kr. 694.586,-. Samtals kr. 12. 868.533,-

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Drög að samkomulagi við Gröfu og grjót ehf.

Samkomulag Reykjavíkurborgar og Víkings um uppbyggingu á aðalvelli Víkings

Reykjavíkurborg, kt. 530269- 7609, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík og Grafa og grjót ehf., kt. 580202-2090, Steinhellu 4, 221 Hafnarfirði, gera með sér eftirfarandi:

SAMKOMULAG UM UPPGJÖR VEGNA ÚTBOÐS NR. 14125

1. grein

Aðilar eru sammála um að Reykjavíkurborg greiði Gröfu og grjót ehf. bætur samtals að fjárhæð kr. 12.868.533, vegna riftunar Reykjavíkurborgar á verksamningi vegna útboðs nr. 14125 „Æfingasvæði Víkings. Endurnýjun“, vegna hagnaðarmissis sbr. grein 6.2.8 í ÍST 30:2012 og kaupum á vökvunarkerfi sbr. grein 6.2.2 í ÍST 30:2012.

2. grein

Greiðslur fari þannig fram 16. ágúst 2019:

- 1) Reykjavíkurborg greiði reikning sem Grafa og grjót ehf. skal gera Umhverfis – og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, kt. 570480-0149, að fjárhæð kr. 4.260.504 með vsk vegna vökvunarkerfis. Senda skal reikninginn til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur og jafnframt skal senda afrit reikningsins með tölvuskeyti til: kristjana.osk.birgisdottir@reykjavik.is
- 2) Reykjavíkurborg skal greiða fjárhæð kr. 8.608.029 inn á fjárvörslureikning Málflutningsstofu Reykjavíkur, kt. 660510-1090, nr. 537-14-6605.

3. grein

Með samkomulagi þessu er samningssambandi aðila lokið vegna útboðs nr. 14125. Við undirritun þess falla allar frekari kröfur niður er aðilar kunna að geta gert á hendur hvor öðrum vegna útboðs nr. 14125.

4. grein

Vanefni aðilar skyldur sínar samkvæmt samningi þessum fellur hann úr gildi. Komi til málshöfðunar vegna samnings þessa skal mál höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða og jafngildum eintökum.

Reykjavík, 15. ágúst 2019

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Gröfu og grjót ehf.

Ámundi Brynjólfsson

Sigurður Gylfason

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, Reykjavík og Knattspyrnufélagið Víkingur, kt. 700269-0789, Traðarlandi 1, 108 Reykjavík, hér eftir nefnt Víkingur, gera með sér eftirfarandi

samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli félagsins við Traðarland.

1. *Breytingar á aðalvelli.*

Reykjavíkurborg tekur að sér að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu. Einnig verður búnaður sem tilheyrir vellinum svo sem mörk og sópur fyrir gervigrasvöll endurnýjað. Reynt verður að koma tæknibúnaði fyrir völinn í rýmum undir stúku en ef slíkt reynist óframkvæmanlegt mun Reykjavíkurborg útvegar aðstöðu fyrir tæknibúnað vallarins með léttri byggingu eða gámum sem verða innréttaðar samkvæmt þörfum og felld að núverandi umhverfi. Reykjavíkurborg mun einnig endurnýja heimaæð fyrir svæðið sé þess þörf. Fyrirhugaður kostnaður við ofangreindar framkvæmdir eru áætlaðar 300 milljónir

Breytingar á aðalvelli og flóðljós eru með fyrirvara um samþykkt breytinga á deiliskipulagi.

Áætlað er að hefja framkvæmdir við gervigrasið sjálft í september og áætlað að framkvæmdum verði lokið fyrir 1. nóv. 2018. Þá er stefnt á að öllum framkvæmdum við og í kringum völinn lokið fyrir 15. maí 2019.


Völlur og búnaður verði eign Reykjavíkurborgar að framkvæmdum loknum og mun Reykjavíkurborg annast rekstur vallarins, líkt og er með aðra gervigrasvelli á svæðum íþróttafélaga í borginni

2. *Grasæfingasvæði Víkings*

Samningsaðilar hætta við öll fyrri áform, um endurgerð grasæfingasvæðis Víkings við Traðarland ef málefni 1. gr. ganga eftir.

3. *Framtíðaruppbygging á aðstöðu Víkings.*


Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Víkingur hafa myndað starfshóp sem er að vinna þarfagreiningu vegna framtíðaraðstöðu Víkings og á grundvelli þeirra þarfagreiningar gera tillögu um samstarfssamning um uppbyggingu á framtíðaraðstöðu félagsins. Starfshópurinn skilar þarfagreiningu og tillögum að framtíðaruppbyggingu fyrir félagsstarf Víkings 31. maí 2018.



F.h. Reykjavíkurborgar

Samþykkt í borgarráði 23. apríl 2018

Reykjavík 25.05.2018



F.h. Víkings

Víkingur – grasæfingasvæði

Tímalína vegna riftunar á verksamningi 2018:

- 15. janúar 2018: Útboð vegna endurnýjunar á æfingasvæði Víkings auglýst. Samskipti við félagið fara fram í gegnum SEA og ÍTR.
- 1. febrúar 2018: Tilboð opnuð í endurnýjun æfingasvæðis Víkings og samþykkt í innkauparáði 16. febrúar að ganga að tilboði Gröfu og grjóts ehf. Samningsupphæð er um 67 mkr. Undirbúningur verktaka hefst strax enda tímasetningar samnings þannig að skila átti grasæfingasvæðinu til notkunar sumarið 2018 að kröfu Víkings.
- 20. mars 2018 er verktaki upplýstur um að verkefnið sé í endurskoðun.
- Erindi berst frá Víkingi, dags 9. apríl 2018 og í framhaldi er samþykkt í borgarráði 26. apríl erindi frá SEA ásamt samkomulagi um endurnýjun á aðalvelli.



Reykjavík, 23. apríl 2018
R18040069
3500

Borgarráð

Íþróttafélagið Víkingur - Samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli félagsins við Traðarland 1.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á aðalvelli Knattspyrnufélagsins Víkings.

Greinargerð: Með bréfi til borgarráðs dags. 9. apríl 2018 óskaði formaður Víkings eftir því að Reykjavíkurborg tæki til skoðunar lagningu gervigrass á aðalvöll félagsins við Traðarland og sleppa því að endurnýja grasæfingasvæði félagsins við Traðarland

Þann 12. apríl 2018 samþykkti borgarráð tillögu borgarstjóra um að fallast á erindi Víkings um gervigras á aðalvöll félagsins.

Samkvæmt samkomulaginu tekur Reykjavíkurborg að sér að leggja gervigras ásamt nauðsynlegu undirlagi með snjóbræðslukerfi og vökvunarkerfi á aðalvöll félagsins og koma fyrir flóðlýsingu. Einnig verður búnaður sem tilheyrir vellinum svo sem mörk og sópur fyrir gervigrasvöll endurnýjað. Reynt verður að koma tæknibúnaði fyrir völlinn í rýmum undir stúku en ef slíkt reynist óframkvæmanlegt mun Reykjavíkurborg útvegar aðstöðu fyrir tæknibúnað vallarins með léttri byggingu eða gámum sem verða innréttaðar samkvæmt þörfum og felld að núverandi umhverfi. Reykjavíkurborg mun einnig endurnýja heimaæð fyrir svæðið sé þess þörf. Fyrirhugaður kostnaður við ofangreindar framkvæmdir eru áætlaðar 300 milljónir

Óskað er eftir að borgarráð heimili Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að setja vinnu strax af stað með að hanna, bjóða út framkvæmd og efniskaup sem og vinnu við að breyta deiliskipulagi vegna flóðljósa. Skrifstofa framkvæmda og viðhalds mun sjá um alla framkvæmdina.

Óli Jón Hertervig

Hjálagtt:
Samkomulag við Víking

- 23. apríl 2018 er verktaka tilkynnt að hætt sé við verkefnið og verksamningi rift af hálfu verkkaupa. Skrifleg tilkynning send 26. apríl.

Íslenskur staðall er hluti af samningsgögnum. Í gr. 6.2.8 kemur fram að verktaki eigi rétt á bótum vegna hagnaðarmissis og annars tjóns sem hann kann að verða fyrir.

- 8. maí berst bréf frá Málflutningsstofu Reykjavíkur f.h. verktaka þar sem farið er fram á 38% vegna hagnaðarmissis eða um 27,6 mkr. auk útlagðs kostnaðar vegna vökvunarkerfis og kaupa á framsrifs-vörubifreið sem keypt hafi verði sérstaklega vegna þessa verkefnis.

Kröfum verktaka er hafnað og við taka fundarhöld og samningar með þátttöku skrifstofu borgarlögmanns. Verkkaupi býður að greiða verktaka 7% af tilboðsupphæð vegna hagnaðarmissis og að kaupa vökvunarkerfi sem verktaki hafði pantað.

Samkomulag næst ekki og kvaddur er til dómkvaddur matsmaður sem metur (maí 2019) að greiða skuli verktaka 10,4 % sem hagnaðarmissi með vöxtum og auk þess að verkkaupi kaupi vökvunarkerfi á kostnaðarverði.

14. ágúst 2019

ÁBr.